



# LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 420 1700, bréfsími: 421 1786

Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti,  
150 REYKJAVÍK

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/2762**  
**komudagur 22.8.2012**

Reykjanesbæ, 21. ágúst 2012


Vísað er til beiðni nefndasviðs Alþingis um umsögn um frumvarp til breytinga á lögreglulögum nr. 90/1006, með síðari breytingum mál nr. 739. Frestur var veittur til 1. ágúst, en óskað var frekara frests vegna sumarleyfa og var fallist á það af hálfu nefndasviðs Alþingis.

Almennt má telja framkomið lagafrumvarp til þess fallið að efla og styrkja lögregluna í landinu, en stærri einingar eru betur til þess fallnar að mæta áskorunum í rekstri. Þá hefur undirrituð bæði reynslu af því að starfa sem sýslumaður og lögreglustjóri samtímis og einnig sem lögreglustjóri einvörðungu og sýnir sú reynsla að lítil samlegð er á milli verkefna sýslumanns og lögreglustjóra, sem ekki er auðleyst með samstarfi á milli embættanna.

Gerðar eru athugasemdir við tvær greinar frumvarpsins. Hin fyrri varðar staðgengil lögreglustjóra en í 3. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir að heimilt sé að skipa aðstoðarlögreglustjóra við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, sem séu þá staðgenglar lögreglustjóra. Öðrum lögreglustjórum er heimilt að ákveða að starfsmaður sé staðgengill hans, að tilteknum skilyrðum fullnægðum eins og segir í greininni. Athugasemdin lýtur að því hvað gera skuli ef lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins eða á Suðurnesjum ákveða að skipa ekki aðstoðarlögreglustjóra og hver gegni þá hlutverki staðgengils. Auðvelt væri að leysa úr þessu með því að orða 5. málsgrein 3. greinar þannig að lögreglustjórum sé heimilt að ákveða að starfsmaður embættisins sé staðgengill, en orðið *öðrum* falli brott.

Síðari athugasemdin varðar 4. grein frumvarpsins en þar segir m.a. að ráðherra setji, samkvæmt tillögu ríkissaksóknara, nánari reglur um stjórn lögreglurannsókna og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn sakamála. Reglulega er slegið fram fullyrðingum um að ákveðnar rannsóknir eigi betur heima hjá einu embætti en öðrum án þess að óháð athugun virðist hafa farið fram á þessum fullyrðingum, en tengsl og samstarf á milli ríkissaksóknara og lögregluembættanna eru mismikil.

Tilhögun lögreglurannsókna hefur veigamikil áhrif á starfsemi lögregluembættanna og þjónustu við íbúa í umdæmunum og verður að telja eðlilegt að umfjöllun um breytingar á fyrirkomulagi rannsókna fái þinglega meðferð. Því verður að telja að a. liður 4. greinar frumvarpsins sé til þess fallinn að valda áframhaldandi óvissu í innra starfi embættanna og tilfærslur á rannsóknum ákveðinna málaflokka geti raskað verulega starfsemi í umdæmum.

Virðingarfyllt,  
  
Sigríður Björk Guðjónsdóttir,  
lögreglustjóri á Suðurnesjum